

Ragnildur Sverrisdóttir

2004

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Hrafnildur Gunnarsdóttir

DVCAM 145, 146, 147

© Krumma films ehf.

Það er þannig. Fyrrverandi blaðamaður, eitthvað. Þú mátt alveg bara, hafðu þína hentisemi. Kynvilltur, fyrrverandi blaðamaður í laganámi, það er ég [Hlær].

*Hrafnhildur: En heyrðu, ok, hvað segir þú? Þú varst hvað fyrsta, eina lessan á landinu?*

Það var dálítið þannig upplifun. Það var ekki eins og maður, ég vissi ekki um neina á landinu. Það var engin, þú veist... Allavega ekki svona í mínum kreðsum. Ég veit ekki hvort það, ég held ég hafi við ósköp venjuleg bara menntaskólastelpa. Þekkti ekki eina einustu lesbíu með nafni og þetta var svona náttúrliga með fleira. Þetta var ekki, ég meina það voru tveir hommar á landinu, hélt ég. Þú veist, annar var að vísu farinn til Danmerkur, flúði land, og hinn var svona einhver skríttinn maður sem börn eltu úti á götu. Það var ekkert, engar aðrar fyrirmyndir að hafa.

*Hrafnhildur: Geturðu aðeins talað við mig um á hvaða tíma þetta var, svona ártal...?*

Já, OK.

*Hrafnhildur: Og líka tala um þig og þína fyrstu, hvernig hugsanaferlið fer af stað hjá þér að þú sért eitthvað öðruvísi en aðrir. Maður er svolítið einn í heiminum er það ekki?*

Já.

*Hrafnhildur: Ranka litla. Fyrstu grunsemdir um að þú sért öðruvísi en aðrir.*

Ég var náttúrliga ótrúlega sein að kveikja af því að það voru engar fyrirmyndir þá var ég mjög sein að kveikja á því að ég væri lesbísk. Ég kunni ekkert að nefna þetta. Þegar ég var fór að svona velta fyrir mér, þegar vinkonur mínar fóru að velta fyrir sér hinu kyninu þá fór ég bara að vera skotin í þeim. Og ég kunni ekkert að nefna þetta af því ég vissi ekkert hvað þetta var og ég ímyndaði mér kannski: „Ef ég væri strákur, þú veist, þá væri ég voða skotin í þessari og þessari“. Ég vissi ekkert að mér leyfðist að vera það eða að það væri mögulegt sem stelpa. Það var ekki fyrr en sko, það var í rauninni ég

*Svona Fólk*

kom ekki upp orðum að þessu fyrir en svona á menntaskólaárunum, þetta var svona um '78. Þetta var um svipað leyti og Samtökin voru stofnuð, þó ég vissi ekkert af þeim. Það var svona í fyrsta sinn sem að ég kynnist stelpu og gat ímyndað mér að þetta væri hægt, að þetta gengi upp og bara væri fræðilegur möguleiki.

*Hrafnhildur: Voru virkilega engar fyrirmyndir, ekki neitt? Ég meina, aldrei séð neitt í sjónvarpinu eða neitt slíkt?*

Það var ósköp lítið, það voru einhverjir hommabrandarar sem maður heyrði og ég var til dæmis mikill aðdáandi Elton John og ég veit ekki hvort það er til mannsbarn í heiminum núna sem veit ekki að hann er hommi. En þá bárust einstaka sinnum fréttir af því að hann væri nú eitthvað vafasamur karakter en það var alltaf borið til baka og var svona, þetta var allt í felum. Ég fann engar fyrirmyndir. Ég, eins og ég segi, það voru einhverjir hommar sem voru nafngreindir og eitthvað sem var þískrað um. Ekki ein einasta kona.

Ég man ekki hvenær ég frétti af Samtökunum eða hvernig. Það hefur líklegast verið einhver umfjöllun einhvers staðar, sko. En ég hafði fyrst samband við Samtökin með því að senda bréf á eitthvað pósthólf og við sendum það tvær saman vinkonurnar þá, átján ára, og við þorðum ekki að taka, sko, við vorum lengi að ræða hvort að við ættum að fá svarið heim til mín eða heim til hennar og það endaði með því að hún samdi við sko, ömmu sína um að hún fengi að fá bréf þangað og amman lofaði að opna ekki bréfið sem bærisk henni. Og þetta var fréttabréf Samtakanna og ekki með neinum skýringum, sko, þetta var svona pólitískt blað dálítið sem fjallaði um mannréttindabaráttu víða um heim og ég var engu nær. Ég man alltaf eftir þessari frétt um einhvern prest í Sviss, sem hafði misst brauðið af því að hann var hommi. Þetta snerti nú ósköp lítið átján ára stelpu frá Íslandi. En svo í framhaldi af þessu þarna í þessu fréttabréfi voru auglýstir fundir hjá Samtökunum og ég fór á fund hjá þeim, sem var þá í kjallara húsnæðis við Garðastræti, og þar voru tveir, þrír hommar önnur kafnir að ræða svona stórpólitík eins og prestaköll í Sviss og svo sátu einhverjir tveir úti í horni og skoðuðu vafasöm blöð, sem höfðu borisk Samtökunum, og svo vorum við þarna tvær, og okkur var sagt að það væri kona skráð í Samtökin og byggji einhvers staðar uppi í Breiðholti og önnur

*Svona Fólk*

hefði einhvern tíma verið viðloðandi þau og væri núna í útlöndum. Þetta var svona álíka ástand eins og ég hefði haldið að væri hjá hommunum: Einn skritinn úti í bæ og annar í útlöndum. Það var nú ekki. En svo auðvitað reyndist vera, auðvitað heilmikið, fullt af fólki úti um allt þegar við loksins römbuðum á fólk sem var aðeins yngra, stráka sem buðu okkur svo í parti og þá náttúrulega skriðu fram alls konar stelpur og strákar sem að höfðu ekki verið þó neitt viðriðin Samtökin sérstaklega. Þannig að það var ekki eins og ég væri ein í heiminum þó að mér liði þannig.

Það voru, partíin... Hommarnir voru náttúrulega miklu duglegri alltaf í þessu félagslífi, sko, og við svona stelpurnar fengum að fylgja með. Og svo voru böll einstaka sinnum hjá Samtökunum, sem voru nú stundum mjög fámenn. Það var nánast verið að flytja partíin bara í einhvern smásal, en stundum, þarna í kringum '80 fóru að verða miklu stærri böll. Það var haldið stórt ball í Kópavoginum, man ég, í einhverju húsnaði þar, í einhverju verksmiðjuhúsnaði sem hafði verið breytt í dálítið skrítið svona rauð-plusserðan klúbb. Það var mjög fjölmennt ball og það var eiginlega opið öllum og það voru teknar myndir þar og birtar í Samúel, held ég. Og það var náttúrulega ægileg viðkvæmni, sko. Þetta voru svona, hausinn á manni var eins og títuþrjónshaus á myndunum en það voru allir alveg bara miður sín hvort þeir þekktust og svona, því það voru alla vega hálfir inni í skápnunum ennþá. Maður var kokhraust svona í þessum partíum og á böllumunum, en þetta var allt meira og minna svona undir yfirborðinu og þeir sem á eftir koma, þarna næstu árin hafa alveg örugglega alveg jafn einir í heiminum og ég var. Þetta var svo mikið neðanjarðar. Það var engin umræða og ekki neitt.

Já. Í Samtökunum? Nei, ég leitaði til Samtakanna eftir að ég komst á sjens. Ég var svo ljónheppin að það reyndist vera önnur lesbísk stúlka og var meira að segja með mér í skóla og við vorum náttúrulega sannfærðar um að þetta væri einstök heppni að við skyldum tvær slysast til að vera þarna og vera meira að segja að drekka of mikið eitthvert kvöld á sama staðnum. Þetta var alveg ótrúlegt lán. Þannig að við svona, já, já, kynntumst nánar. Það var auðvitað, hefur þetta alltaf einhverja leið til að rata rétta veginn. En svo var fullt af stelpum sem voru viðloðandi Samtökin þótt þær væru ekki félagar í þessum partíum og svona. Auðvitað var fullt af lesbíum á Íslandi. Þær voru bara ekkert í viðtölum eða áberandi.

*Svona Fólk*

*Hrafnhildur: Hvernig voru þessar konur þarna?*

Ég sá aldrei þessa konu sem var skráð félagi í Samtökin og sagt að ætti heima uppi í Breiðholti. Ég hitti hana ekki fyrr en mörgum árum seinna. En einhvern tímann á fundi, ég reyndi nú sem þrjósk að mæta á þessa fundi þótt þeir væru ekki beint svona kvenvinsamlegir. En einhvern tíma rakst þar inn kona sem var hinn félaginn í Samtökunum, og ég skutlaði henni heim og við vorum sem sagt tvær og skutluðum henni heim og hún ætlaði að skipta um föt, við vorum að fara eitthvert og hún bauð okkur inn á meðan. Og svo rétti hún okkur tveimur átján ára bók og spurði hvort við hefðum ekki gaman af því að skoða þetta meðan hún skipti um föt og þetta var svona stór, myndskreytt bók með fólki af báðum kynjum við hina óskiljanlegustu iðju, en alltaf mjög fáklætt. Og við vorum að reyna að halda, sko kúlinu, átján ára, að láta eins og okkur þætti þetta bara alveg eins og við þekktum þetta allt. Sátum þarna inni í þessari stofu og flettum þessari bók. Þetta var mjög sérkennileg upplifun og það var svona enn eitt skiptið þegar maður hugsaði: „Verður maður að gera svona?“. Maður var nú alltaf að reyna þó að [*hljóðið dofna*] maður var aldrei með það á hreinu hvort maður var að gera rétt.

Já. Áður en við fórum í fyrsta sinn á fund hjá Samtökunum í Garðastræti, þá vorum við náttúrulega búnar að fylgjast með húsinu. Vegna þess að maður fer ekkert svona óundirbúinn bara inn á fund, sko. Þannig að það var svona kvöld eftir kvöld, hvort það var fundartími einu sinni eða tvisvar í viku. Allavega voru nokkur skipti þar sem við sátum í bíl fyrir utan og fylgdumst með húsinu til að sjá hvaða fólk færi þarna inn og út. Og við vorum búnar að sjá það út, sérstaklega í eitt skipti, að það voru einhverjar stelpur þarna sem voru svona dálitlir naglar og stuttklipptar og þær fóru inni í húsið og voru í einhvern tíma og við biðum og biðum og þær komu út og við hugsuðum, „þetta eru stelpurnar sem voru á fundi hjá Samtökunum“. Og þær settust inn í bíl og óku í burtu og við á eftir. Keyrðum rúntinn aftur og aftur og svo virtust þær nú svona uppötva að það væri eitthvað verið að elta þær og fóru eitthvað svona að beygja inn undarlegar götur og við alltaf á eftir. Ég veit ekki eiginlega til hvers, hvað við töldum okkur sko, ætla að hafa út úr þessu. En það endaði eitthvað mjög hallærislega svona

*Svona Fólk*

með að þær sko stoppa og snúa við og allt í einu erum við bara svona á móti þeim á götunni, og það var bara mómentið búið. Og í næstu viku fórum við bara á fund og hættum þessu og sáum þessar stelpur aldrei meira. Þær áttu bara heima í þessu húsi. Svona var maður dálítið mikið að þreifa í myrkri, sko, það var ekkert að styðjast við. Við losnuðum við lögreglukæru, það var nú fyrir mestu [Hlær].

*Hrafnhildur: Voruð þær svona mikið pirraðar?*

Nei, nei. Þetta voru náttúrulega bara ofsóknir, svona eftir á að hyggja. Þetta var náttúrulega frekar sjúklegt, en maður á ekki að vera að segja fá svona perraskap.

*Hrafnhildur: Á þessum árum þá var oft talað frekar illa um, um okkur... [heyri illa, en það er um orðin sem voru notuð].*

Já. Það var... sko, vegna þess hvernig umhverfið var þá var ég haldin alveg sömu fordómum og aðrir. Ég vissi ekkert hvað ég átti að nefna mig. Ég vissi ekki betur en að ég væri kynvillt eða kynvillingur eins og bara tíðkaðist að segja. Og ég valdi nú elstu systur mína, Bryndísi, sagði henni þetta fyrst allra. Sendi henni bréf. Hún átti heima í Svíþjóð, það var náttúrulega miklu þægilegra heldur en að þurfa að horfast í augu við einhvern og segja honum þetta. Maður var náttúrulega alltaf svona aðeins á flótta þegar maður var að reyna að bíta á jaxlinn. Og ég sendi henni bréf og sagði henni að ég væri kynvillt. Til allrar hamingju var hún sko, sjö árum eldri og komin glóra í hana, þannig að hún sendi mér bréf til baka og sagði að ég væri það ekki. Ég væri kannski homosexual eða lesbísk, en ég væri sko ekki kynvillt. Þannig að hún svona aðeins lagaði þetta. En þetta var, það var engin furða þótt ég ætti erfitt með að koma orðum að þessu, það var ekkert búið að finna upp samkynhneigð 1978. Man nú ekki hvenær það var, en það var miklu seinna. En það var líka, það mátti ekki nota orðið hommi og lesbía í íslenska Ríkisútvarpinu til dæmis. Þegar við vorum að auglýsa fundi og böll þá mátti ekki auglýsa Samtökin '78 félag homma og lesbía á Íslandi. Það báru fyrir sig að þetta samrýmdist ekki íslenskri málhefð og beygingareglum og eitthvað. Homma að vísu, þeir lentu nú í vandræðum með að afsaka það, því að það féll náttúrulega ágætlega að málinu. En það var alls konar fyrirsláttur, svo við vorum að berjast við það þarna fyrstu

*Svona Fólk*

árin að, fyrsta árið sem ég var að starfa á Samtökunum, að fá þetta bara viðurkennt og breyta um hugtakanotkun og orðanotkun. En ég var sjálf auðvitað þessu marki brennd, mér fannst mjög óþægilegt að vera lesbía. Ég er ekki að segja að mér hafi þótt gott að vera kynvillingur, það var aldrei voðalega gott, en homosexual var svona dálítið, já, heimsborgaralegra, svona huggulegra að sætta sig við það. En maður verður auðvitað sjálfur, ég var bara hluti af þessu fordómafulla þjóðfélagi og var í megnustu vandræðum með eigin fordóma lengi.

*Hrafnhildur: Geturðu talað um í hvernig annarri mynd það birtist... Hvað sástu í kringum þig?*

Sko, ég vissi ekki, ég trúði því alveg eins og margir aðrir að ég þyrfti að hegða mér á einhvern ákveðinn hátt. Mér fannst mjög óþægilegt þetta til dæmis að það voru allir sannfærðir um að í sambandi tveggja kvenna væri önnur karlinn og hin konan. Og ég var alveg í megnustu vandræðum með að ræða þetta við vinkonur mínar í gamla daga alveg bara puff. Þetta væri nú dálítið svona vesen, þú veist, hvernig þetta ætti nú að raða þessu niður, hvor ætti að taka að sér hvaða hlutverk, sem sýndi náttúrulega bara hvað matið var brenglað að það væri ætlast til þess endilega að annað kynni að hegða sér svona en ekki hinsegin. Þetta sýndi auðvitað bara hvað jafnréttisbarátta og svona jafnræði í samböndum var brenglað og er kannski. Ég var alltaf að reyna að setja mig inn í svona munstur sem að ég vissi ekki betur en væri eðlilegt fyrst öllum öðrum fannst það eðlilegt. Það var dálítið erfitt að þurfa að móta sér reglur og eiginlega svona endurskilgreina sig, því maður var alltaf búinn að skilgreina sig út frá öllum viðmiðum samfélagsins. Þurfti maður svona dálítið að finna upp hjólið.

*Hrafnhildur: Manstu eftir þessum orðum sem voru fundin upp til þess að taka út hommi og lesbía?*

Nei, ég man það ekki. Það hefur verið eitthvað vont.

*Hrafnhildur: [Hlær] Það var kynhvarfi og svo átti að kalla okkur hómi og lespa.*

*Svona Fólk*

Hómi og lespa. Það hefur fallið vel að íslensku.

*Hrafnhildur: Já.*

Nei ég man ekki eftir þessu. Ég man eftir sko, það voru einhver mótmæla-, við fórum einhver og stóðum í anddyrinu á útvarpshúsinu, sem var þar við Skúlagötu, og vorum að afhenda eitthvað mótmælaskjal, útvarpsstjóra því að reyna að fá þetta í gegn sko. Að fá að vera hommar og lesbíur í útvarpinu. Það gekk ákaflega treglega. Þeir náttúrlega gripu hattana sína og frakka bara og hurfu út um bakdyrnar í ofboði þegar þeir sáu þetta fólk í lobbýinu.

*Hrafnhildur: Þetta hefur verið svolítið hugrekki.*

Já, hugrekki. Þetta var náttúrlega af illri nauðsyn. Ég var nú aldrei mikil baráttumanneskja, ég að vísu settist þarna einhvern tíma í stjórn og ég fór á þessa fundi sem við vorum að halda með skólafélögunum hér og þar, en ég held að þetta hafi nú bara smám saman undið upp á sig af illri nauðsyn og aldrei þannig að ég væri svona meðvitað að fara út úr skápnum, maður bara fullorðnast, þá er ekki við allt ráðið. Ég held að það sé miklu erfiðara að vera í skápnum en ekki. Það er svo mikil kúnt að vera sífellt að ljúga upp öllum mögulegum hlutum. Maður verður svo fljótt tvísaga.

*Hrafnhildur: Maður hefur horft upp á marga sem verða ansi bilaðir þegar þeir reyna það.*

Já. Miklu, miklu erfiðara. En þetta er ekkert, hugrekki þetta er af illri nauðsyn. Vissulega betra eftir á að hyggja, en ekki þannig að maður verði einhver framvörður mannréttindabaráttu, sko, eitthvað meðvitað. Alveg langt því frá. Ég hefði viljað sleppa þessu ef ég hefði mögulega getað. Hver vildi það ekki? Hver vill þetta og velur þetta? Það er ekkert við þetta ráðið. Það er nú bara þannig.

Í stærri þjóðfélögum er þetta líka miklu auðveldara vegna þess að þar er sko, getur fólk faktískt alveg tekið sig út úr hjörðinni og lifað í sérhópum. Maður sér það stundum,

*Svona Fólk*



sko. Maður hittir kannski einhverjar lesbíur frá Bandaríkjunum sem eru búnar að skilgreina allt, alveg niður í að þær kaupa sér aldrei öðruvísi en „lesbian type shoes“, sem mér finnst, þær eru búnar að kortleggja allt saman og allt skal vera alveg bara „lesbian style“. Þetta er auðvitað miklu auðveldara ef fólk vill vera svona. Kljúfa sig frá einhverjum stórum þjóðfélögum. En við erum nú bara í þessu litla hér og hljótum að blandast saman við það endalaust. Eins og á að vera. Finnst mér.

Það var nú svo merkilegt að þó að ég væri sko, föstudag eftir föstudag fyrir utan ríkið, sem var þá á Lindargötunni eða Snorrabrautinni, að selja þetta blað þá hitti ég ákaflega sjaldan fólk sem ég hitti ég bara man nú ekkert eftir svoleiðis sem er alveg, mér hefði örugglega krossbrugðið af því að þetta var eitt af því sem ég gerði bara svona af tómri slysi, það þurfti að koma út þessu blaði. En fólk tók þessum sölumönnum alltaf ákaflega vel. Það var aldrei þannig að það væri einhverju hreytt í mig eða eitthvað neikvætt. Þetta var sko. Ég held að þjóðfélagið hafi verið miklu tilbúnara til að acceptera mig heldur en ég mig. Alveg áreiðanlega. Svo vil ég nú ekki nota þetta „acceptera“, það er nú ekkert spurning um það, svona er þetta bara. Þetta er ekki spurning um umburðarlyndi, heldur bara að lifa saman.

Ég er viss um að þetta er sko, um leið og þetta er örugglega mjög erfitt, það getur örugglega verið erfiðara að koma úr felum hér en úti, af því að þetta er svo lítið þjóðfélag, en við erum þá líka í rauninni að koma úr felum bara alla leið. Svo úti geturðu, þú flytur þá bara af austurströndinni yfir á vesturströndina ef þú ert í Bandaríkjunum, og ég kalla það nú ekki að koma úr felum, ef þú ert bara að fara í eitthvað lesbíughettó í San Francisco eða eitthvað. Hérna þá bara verður maður að koma alla leið. Og það er miklu betra. Ég er viss um að smæð þjóðfélagsins gerir þetta líka auðveldara um leið og það gerir þetta kannski erfiðara. Ég meina um leið og þú ert komin út gagnvart einhverjum einum þá vita það allir. En það er líka auðveldara vegna þess að þú ert með svo náinn hóp næst þér. Og ég er viss um það það hefur gert þessa réttindabaráttu miklu auðveldari hér. Um leið og einn kemur úr skápnum þá er svo stór hópur sem veit af því og styður og það þarf ekkert voðalega marga til að það sé kominn ansi stór hópur ættingja og vina sem að fylgja honum að málum.

Fordómar náttúrliga byggjast alltaf á vanþekkingu. Um leið og þú ert búin að kynna þessu einu sinni, þá er björninn unninn.

*Hrafnhildur: Fordómar, varstu aldrei vör við fordóma?*

Nei. Ég varð aldrei vör við verri fordóma hjá öðru fólki en ég fann fyrir hjá sjálfri mér. Það voru alltaf mínir fordómar, það var það eina sem stóð mér fyrir þrifum. Hitt var ósköp eðlilegt. Hvað gat ég ætlast til annars en að fólk væri svona frekar úti að aka sem hafði ekkert velt þessu fyrir sér þegar ég var sjálf svona vitlaus og var samt að reyna að fá einhvern botn í þetta? En það var kannski svona þessar hugmyndir sem fólk hafði, undarlegar hugmyndir um, eins og þetta að önnur konan hlyti að vera karlinn í sambandinu og eitthvað, en auðvitað var þetta bara vanþekking og ég gat ekkert gert þá kröfu til nokkurs manns að hann vissi betur en ég, sem ekkert vissi.

Eins og hún sagði þessi kona, sem ég hitti einhvern tíma, frá Texas: „Geturðu farið í vinnuna í svona lesbian type shoes?“ Ha! Hvað meinarðu? Er það í lagi sem sagt að koma svona upp um sig í vinnunni? Ég meina, ég þekki alveg ákaflega butch og heterosexuál konur. Um leið og það eru til mjög kvenlegar og lesbískar. Ég skil ekki svona. Ég bara þú veist, nenni ekki að velja þessu fyrir mér. Ég hef aldrei verið neitt sérlega mikið fyrir háa hæla og mála mig og fara í kjóla, en það kemur málinu bara ekkert við. Það er bara svo kjánalegt að skilgreina þetta út frá þessu. Það er alveg eins hægt að skilgreina okkur út frá hárlit eða húðlit, það tíðkast nú dálítið. Ekkert betri regla.

Hérna sko, einu sinni, ég meina fyrir 25 árum, þá voru strákar oft að lenda í einhverjum vandræðum, hommarnir. Þeir voru að missa íbúð og sagt upp í vinnu og einhverjar svona sögur, auðvitað nú veit maður [heyri ekki], það er hægt að segja það en það hefur alltaf verið snöggtum skárna og auðveldara að vera bara lesbía heldur en hommi. Við vinkonurnar gátum alltaf leigt saman, án þess að nokkrum finndist það undarlegt, en tveir karlmenn sem bjuggu saman voru náttúrliga, gátu ekkert verið það. Þannig að ef fólk vildi svona fara hægt út úr skápnum eða fela þetta eða eitthvað þá var,

*Svona Fólk*

Það hefur alltaf verið auðveldara og ekki eins svona fordæmt að tvær konur séu saman bara yfir höfuð. Það ógnar ekki karlveldinu eins mikið.

*Hrafnhildur: Já. Viðtalið í Helgarblaðinu.*

Já. Já, mér finnst alveg full ástæða til að festa það endanlega í vitund þjóðarinnar með því að rifja það upp 25 árum síðar. Það finnst mér. Takk fyrir það.

*Hrafnhildur: Stórt skref. Ekki bara, að vísu kemurðu ekki fram undir nafni eða mynd en samt, ég meina, ég veit ekki... [heyri ekki]. Gríðarleg áhrif á mína kynslóð. Hvernig ákvaðstu að gera þetta?*

Ég man nú svo sem ekkert hvernig þetta kom til, þetta Helgarpóstsviðtal. Það var, líklegast hefur nú blaðamaðurinn, Ómar Valdimarsson, bara fengið einhverjar upplýsingar um Samtökunum og það var vísað á konur. Það voru tvær undir nöfnum. Og svo vorum við tvær þarna í einhverri skuggamynd, mynd á hnakkann og ekkert allt jafn gáfulegt sem maður setti út úr sér 23 ára. Þetta var dálítið mikið mál, það voru ekkert svona viðtöl á hverju strái alveg langt því frá. Þannig að þetta var dálítið mikilvægt. Þurfti svona blöð til. Hin ráðsetтары voru nú ekkert í því að brjóta svona...

*Hrafnhildur: Léstu einhvern vita í kringum þig að þú hafir farið í viðtal? Mömmu og pabba?*

Já, ég man, ég lét mömmu og pabba vita, sem var eitthvað svona, ég veit ekki af hverju vegna þess að... En ég gleymdi nú held ég alveg að segja þeim að þetta væri nafnlaust og bara skuggamynd af mér, þannig að þau hafa örugglega beðið svona frekar nervös eftir þessu viðtali. Sem var svo auðvitað ekkert. Manni finnst þetta nú ekki merkileg speki sem kemur fram í þessu viðtali núna. Núna er þetta bara allt svo sjálfsagt. En þá var það bara einhver frétt og meiriháttar mál og slegið upp að það væri viðtal við lesbíur. Þetta er náttúrulega bara til að hlæja að því núna.

*Hrafnhildur: En eitthvað hefur þetta samt gert, því margt hefur breyst á þessum tíma.*

*Svona Fólk*

Já. Já. Þetta var allt að opnast þarna. Auðvitað var stofnun Samtakanna '78, skipti mjög miklu máli og þó að það hafi svona fundirnir hafi ekkert höfðað til mín fyrst þar sem var mikið verið að ræða svona pólitíkina þá auðvitað þurfti það til. Það þurfti mann eins og Guðna Baldursson, sem var svona mjög stéttvís og með mannréttindabaráttuna á hreinu. Það þurfti það líka, en ekki bara partíin og böllin. Þó að það væri mér auðvitað ofarlegra í huga þarna frá átján ára aldri og næstu árin á eftir. En þetta breytti gríðarlega miklu. Og það var þarna fyrst sem þetta fór svona að rúlla. Og það þótti ekkert sjálfsgagt örfáum árum áður að það kæmi fulltrúar Samtakanna í heimsókn í framhaldsskólana eins og við gerðum. Það voru krakkar þá sem voru miklu upplýstari heldur en ég örfáum árum eldri. En auðvitað áttu Samtökin sinn þátt í þessu og mestan þátt í þessu. Það voru engir aðrir sem breyttu þessu nema fólk sem starfaði þarna hjá Samtökunum.

*Hrafnhildur: Hver var þessi, manstu eitthvað hvaða vitund? Hvað ætluðuð þið að gera, hvað var á planinu? Stóð það á planinu?*

Já. Sko, ég er ekki besta manneskjan til að svara því hver var heildarstefnan vegna þess að ég var alltaf bara að reyna sko, að halda höfðinu upp úr mínu privat vatni. Ég var ekkert meðvituð og var ekki í því að leggja línurnar í réttindabaráttunni. Tók þátt í henni, svona gerði þú veist það sem að mér var rétt, ég seldi málgagnið, ég fór á fundi í framhaldsskólana, ég var ekkert meðvituð og flink í að kortleggja svona, sko. Það voru menn eins og þarna Guðni, fyrst, og Þorvaldur Kristinsson auðvitað, sem eru snillingarnir í þessu. Komu þessu öllu saman áleiðis. Stelpurnar voru minna áberandi. Það voru þeir sem drifu þetta meira eða minna áfram. Það voru jú, við vorum þarna einhverjar sem settust svona af og til í stjórn. Auðvitað hefur það breyst. Ég meina, núna er þetta náttúrulega miklu öflugra starf og sér kvennastarf og ungmennastarf og ég kann ekki að nefna þetta auðvitað, löngu dottin út úr þessu.

*Hrafnhildur: Hvað hafði annað áhrif á þig á þessum tíma? Ég man að ég las bækur sem að [heyri ekki] í kúltúrnum líka á þessum tíma '78 til '84, 5.*

*Svona Fólk*

Þetta var svo vont tímabil. Þetta er frá diskótímabilinu og yfir í hvað, þú veist, úff. Ég man alla hluti svo illa, sko, þetta er ekki nógu gott. Ég man ekkert svona.

Já. Það er alveg rétt. Það er alveg rétt. Sko Samtökin voru snemma komin með svona vísi að einhverju bókasafni og tímaritum og það opnaðist ákveðinn heimur þar. Þú veist, að lesa einmitt bækur sem voru skrifaðar af konum um konur, heilu ástarsögurnar, það var náttúrliga ákveðin upplifun. Maður þurfti ekki lengur að skipta út nöfnin og svona, ímynda sér eitthvað, setja sig í einhverjar stellingar og ímynda sér hvað ef. Þetta var bara allt þarna og þú veist. Það var mikil upplifun. Gengu sömu bækurnar á milli, sama eintakið að ein vinkona mín átti einmitt Ruby [heyri ekki seinna orðið] og það gekk á milli allra stelpnanna. Ósköp meinlaus bók, en bara ástarsaga um konur. Það var alveg nóg. Ekkert svo sem, þætti nú ekki mikið mál í dag, get ég ímyndað mér. Hún var voða ljúf.

Svo fór maður að reyna að lesa Ritu [heyri ekki] Brown alla og það var, agalega á hún margar vondar bækur. Það bara hálfari nóg. En af því að hún skrifaði Ruby [heyri ekki] þá var maður endalaust með svona ákveðna samúð með henni, svo var þetta komið út í eitthvað, kötturinn hennar var einkaspæjari og eitthvað mjög dularfullar bækur. Það var ekki ástæðan fyrir því að maður var hrifinn af þessari bók var ekki endilega rithöfundarhæfileikar þessarar konu, sem slíkrar, sko. Það var bara efnisvalið.

Guðni var náttúrliga alveg bráðnauðsynlegur maður þarna í upphafi. Af því að það þurfti, auðvitað hefði alltaf einhverjir verið að hittast í partíum einhvers staðar, en þetta var í fyrsta sinn sem það var svona farið að reyna að taka þetta, nefna þetta sem réttindabaráttu. Það hafði aldrei verið orðað þannig og þótti ekkert sjálfgefið, sko.

Já, já. Ég meina það eru allir fullir með vesen í partíu þegar þeir eru að átján, níttján, tuttugu ára. Skiptir engu, þú veist í hverjum þú ert skotin eða hvað. Þannig það var nú ekki svo sem, ekkert að búast við að það kæmu einhver stórsannindi út úr því. En það þurfti að vera þessi rammi. Og það var svo sem alltaf verið að rífast yfir því hvort að Samtökin ættu að einbeita sér meira að réttindabaráttu, samstarfi við samtök úti, sem auðvitað gáfu svona gott feedback og svona, en svo voru aðrir sem vildu bara fleiri böll.

*Svona Fólki*

Og það þurfti auðvitað með. En þetta var ágætisblanda fyrir rest ábyggilega. Ég sé ekki betur en að það sé bara mjög öflugt starf núna. Alls konar smáhópar og grúppur.

*Hrafnhildur: Hafði þetta viðtal í Helgarpóstinum einhver áhrif á þig?*

Þetta viðtal breytti engu. Þetta var, fyrir mig, sko. Ég meina, ég veit að þetta hafði áhrif áreiðanlega vegna þess að þetta voru ákveðin tímamót að kæmu svona viðtöl. En, jú, auðvitað hefur þetta breytt einhverju fyrir mig, eftir á að hyggja. Þú veist, þetta voru allt einhver svona hænuskref sem maður var að feta sig eftir. Þetta hefur örugglega verið sáðkornin sem urðu þess valdandi að ég er í viðtali núna. Er þetta ekki allt tengt?

*Hrafnhildur: Hvað var eftirminnilegast?*

Af þessum skólafundum er náttúrlega eftirminnilegast sá sem var í Menntaskólanum við Sund. Við vorum búin að fara í Fjölbraut á Suðurnesjum og Menntaskólann á Laugarvatni og þetta voru svona minni hópar Laugarvatn náttúrlega fámennur skóli og þetta var einn bekkur sem fékk okkur í heimsókn, við vorum þá þrjú eða fjögur frá Samtökunum í hvert skipti, en þegar við fórum á starfsdaga eða opna daga eða hvað þetta heitir nú í Menntaskólanum við Sund, þá vorum við leidd svona einhvers staðar á bak við og upp um tröppur og niður og héldum bara að við værum að fara inn í skólastofu, en þá allt í einu stöndum við bara á sviði í íþróttasalnum og það var búið að raða upp borðum með míkrófónum á, þetta var bara eins og framboðsfundur. Viltu gjöra svo vel að fá þér sæti þú veist. Það lá við að maður stæði upp og segði: „Ég heiti Ragnhildur og ég er lesbía.“ Þetta var svona [hlær] og það er svona alls konar, maður fer alltaf að hugsa eitthvað bull sko. Ég var algerlega miður mín þegar ég uppgötvaði að ég var þarna uppi á sviði af því að ég var í hvíttri skyrtu og svörtu vesti, sem var, vel að merkja, ákaflega smart fyrir gagnkynhneigðar sem samkynhneigðar konur á þessum árum. En mér fannst þetta eitthvað svo stereótýpu, mér fannst ég svo mikil lesbía þarna uppi á sviði að ég var alveg handviss um að ég væri að gefa þessum óhörnuðu unglíngum mjög röng skilaboð. En þetta var eitthvað 500 manna fundur, fimm, sex hundruð manna fundur. Og það var auðvitað, skilar þetta allt árangri. Það voru að koma til mín einhverjar stelpur sko árinu á eftir og svífa á mig á balli og segja: „Ég var á

*Svona Fólk*

fundinum í Menntaskólanum við Sund. Mér fannst alveg frábært að sjá þig. Ég þekki engan.” Það hefur nú lítið skánað svo sem, þetta var í kringum '80, hugsa ég. Þannig að það vantaði nú ennþá fyrirmyndir. Þetta voru fínir fundir.

*Hrafnhildur: Hvernig stóð á því að þið fóruð að hafa fundi?*

Þetta var ekki endilega að frumkvæði Samtakanna. Það var leitað til þeirra, held ég, nemendafélögin stundum og báðu um að fá fulltrúa til að svona kynna baráttuna. Annars veit ég ekki hvernig það kom til. Ég var aldrei sú sem tók ákvörðunina. Ég bara fór með ef ég var beðin um að koma með. Skipulagði þetta ekki. Það var Þorvaldur þá á þessum árum.

Það var alltaf að skipta. Það var alltaf einhver staður sem var svona gay friendly þann mánuðinn og svo fór maður eitthvert annað. Veistu, það var stundum í lagi að fara á Óðal og svo var manni hent út þegar maður kom þangað í mánuðinum á eftir af því að þá ákváðu þeir að hreinsa til. Hafa ekki lengur svona fólk hjá sér. Svo þetta var dálítið svona, við vorum alltaf að þvælast á milli, auðvitað spurðist út, þannig að fólk leitaði alltaf. Fann alltaf hvert annað. Ég man ekki eftir sérstökum stöðum. Samt var ég alltaf úti að skemmta mér. Eins og lög gera ráð fyrir þegar maður er í kringum tvítugt. Ég man það ekki. Hvenær kom svo Rauða myllan og þetta? Það var miklu seinna.

Ég held að ég hafi aldrei komið vondu orði á nokkurn stað, bara svo ég, vil kortleggja það hér. Nei, segi svona.

*Hrafnhildur: Borgina?*

Borgina! Auðvitað var það Hótel Borg meira eða minna. Það voru alltaf sömu lögin. Það var *The Wall* með Pink Floyd og svo spiluðu þeir *Africa Reggae* með Ninu Hagen. Það voru þessi tvö og ef þessi tvö lög voru ekki það kvöldið þá bara var farið að kvarta og fá þau allavega í restina. Það var mjög pottþétt. Þetta var áður en þeir fóru að finna upp eitthvað svona fjölbreytni í lagavali sem var til bölvunar því það var ekki hægt að syngja með.

*Svona Fólk*

Ég held að á þessum tíma hafi sko andstaðan verið, það voru engir svona áberandi einhverjir persónulegir andstæðingar réttindabaráttu samkynhneigðra. Það voru frekar einhverjir svona kerfiskarlar sem földu sig á bak við stofnanirnar sem þeir voru að stýra eins og Ríkisútvarpið sem að þvældist fyrir okkur alveg í það óendanlega. En það var auðvitað ekkert svo sem, þeir stöðvuðu ekkert framrás tímans, þótt þeir reyndu. Það var auðvitað, fábreytni í fjölmiðlum og þetta var allt öðruvísi umhverfi. Og það voru svona blöð sem ætluðu að vera öðruvísi og ferskari og höfða til yngra fólks sem að, eins og Helgarpósturinn sem var með þessi viðtöl, og svo komu seinna allar þessar útvarpsstöðvar, allar þessar spjallrásir, eitthvað þurftu þeir að tala um. Þannig að það voru áreiðanlega þessir nýju miðlar sem að ýttu undir þetta frekar en hitt, sko. En það er ekki hægt að segja að það hafi verið einhverjir ákveðnir andstæðingar. Ég sá þá allavega ekki. Andstaðan fólst bara í almennum fordómum sem stöfuðu auðvitað af þekkingarleysi. Þannig að um leið og fólk var upplýstara þá hvarf andstaðan.

Sko fyrir 25 árum þá kom það ekki fyrir að maður sæi homma eða lesbú í sjónvarpi, þú veist þótt það væri eitthvað leikið, það muna allir ennþá eftir herna Billy Crystal sem lék hommann í Löðri af því að hann var homminn með hástöfum. Bara sá eini. Og það var ekki einu sinni, ég man ekki hvort það var viðurkennt alveg eða hvort það var bara gefið í skyn að hann væri hommi. Það þótti bara mjög spes. Þetta voru svona sirka fyrirmyndirnar. Það var nú ekki merkilegra en svo. Og það er ennþá svo stutt síðan, auðvitað eru, Kaninn getur nú verið svo stundum, sett sig í stellingar. Ég meina þetta átti að vera meiri háttar mál þegar Ellen loks kemur út úr skápnum í sínum þáttum. Núna bara getur maður ekki kveikt á sjónvarpinu, maður er svo leiður á öllu þessu samkynhneigða efni að maður bara, „oh, getur maður ekki horft á eitthvað gagnkynhneigt til tilbreytingar.” Þú veist *L Word* og hvað heitir þetta allt saman. Það er bara meira eða minna núna, bíómyndir alveg trekk í trekk. Þetta hefði mér nú þótt upplifun '78.

Ég held, auðvitað gefur þetta mikið eðlilegri mynd af heiminum. Þau eru að fá, það er miklu eðlilegra að horfa á þessu flóru alla saman heldur en að bara horfa á Simon



Templar og Lucy [er ekki viss hvað hún segir]. Þú veist, það var nú ekki aldeilis að gefa manni svona raunveruleikasýn í gamla daga. Auðvitað er þetta miklu betra.

Það er ekkert himinn og haf á milli Harðar Torfa og Páls Óskars, þeirra sjálfra. Auðvitað hefur þjóðfélagið breyst mikið. Og auðvitað eiga þeir báðir mjög ríkan þátt í því, en þeir eru nefnilega sams konar týpur, þeir, þú veist, þegja ekki, segja allt sem þeir vilja og eru ekkert að liggja á sínum skoðunum og eru bara vissir um eigin rétt alveg til hins ýtrasta. Að þeir hafa auðvitað, Hörður náttúrlega var byltingarmaður á sínum tíma og Páll á sína vísu líka. Það er frábært að fá svona sterka einstaklinga sem eru svona framarlega og svona mikið áberandi af því að þeir skapa svo miklu meiri umræðu heldur en þeir sem eru svona að potast í þessu á meðalmennsku. Eins og við hin.

Ég er viss um að það hefur eitthvað með mig að gera að pabbi hefur staðið að þingsályktunartillögum um réttindi samkynhneigðra, þó að þetta sé ekkert sem ég hef barist fyrir í fíðurhúsum. Hann er ekkert frábrugðinn öðrum að því leyti að þegar maður kynnist einhverju af eigin raun þá hlýtur maður að fá rétta, allavega réttari sýn á það heldur en áður. Ég veit svo sem ekki hvaða sýn hann hafði á þetta áður, það verður svo sem að spyrja hann að því. Ég var auðvitað því marki brennd þegar ég sagði foreldrum mínum þetta, um tvítugt, að ég væri lesbísk, að þá hafði ég auðvitað bara áhyggjur af því hvaða áhrif það hefði á mig og mitt litla líf, af því að þegar maður er tvítugur og foreldarnir bara til, þú veist þau voru bara til fyrir mig. En ekki það að ég væri eitthvað til fyrir þau og væri eitthvað að velta fyrir mér hvernig þau brygðust við. Ég var búin að lúra á þessu og svona hugsa mig um lengi og svo sagði ég þeim þetta bara og lét þau sitja uppi með það. Eins og maður gerir. Ekki það að hafi nokkurn tímann slest upp á venskapinn þar. En ég er viss um að hann karl faðir minn hefur örugglega mótast af kynnum sínum við mig rétt eins og ég við hann. Ég kann nú ekki að skýra það öðruvísi. Og fyrir utan að ég myndi aldrei segja svo hann heyri af kynningum sínum við mig heldur kynnum sínum af mér. Það verður að laga þetta. Annars verð ég bara gerð, þú veist, arflaus. [Hlær] Það má nú ekki.

Ég gekk alltaf út frá því að það væru allir aðrir jafn illa upplýstir og fordómafullir og ég. Þetta var, sko þegar ég var fyrst að senda henni systur minni bréf og segja henni að

*Svona Fólki*

ég væri kynvillingur, hún lagaði það að vísu. Þegar ég ákvað að segja foreldrum mínum þetta þá var ég að vandræðast með hvaða orð ég ætti að nota því ég var auðvitað sannfærð um að fólk sem væri kynslóð eldri en ég, væri algjörlega út úr heiminum og vissi ekkert hvað ég væri að tala um, af því að ég hafði náttúrliga uppgötvað samkynhneigð. Skiljið þið, ég var fyrst! Og ein! Þannig að ég var lengi að vandræðast með hvaða orð ég ætti að nota. Ég vildi ekki nota kynvillt, þó að ég kannski reiknaði með að þau, óupplýst, skyldu það, og ég þorði ekki að nota homosexual, mér fannst það svo ægilega útlenskulegt og fancy að ég var líka sannfærð um að þau myndu ekki skilja það. Þannig að ég sagði þeim að ég væri lesbísk, svona nokkurn veginn sannfærð um að það myndi ná í gegn. Svona, maður miðaði allt út frá eigin fordómum og fávísku.

*Hrafnhildur: Það er það eina sem maður hefur.*

Það er það eina. Það er bara eigin nafli.

Ég var alveg miður mín. Ég sem ætlaði að sleppa undan hjónabandi alveg, löglega afsökuð [Hlær]. Auðvitað var það, það var auðvitað stórt skref þegar hérna staðfesta samvistin var leyfð. Nema hvað? Eins og öll skref í réttindabaráttu og til jafnræðis samkynhneigðra og gagnkynhneigðra. Nema hvað? Það þarf nú varla að hafa mörg orð um það. En svo eru þessi lög auðvitað ófullkomin að mörgu leyti. Þau voru svo mikið að passa að þetta jafngilti nú ekki hjónabandi. Ég get nú til dæmis nefnt það sem dæmi að þegar ég var, sem sagt, við Hanna Katrín vorum í staðfestri samvist, þegar hún eignaðist dætur okkar, ég þurfti samt að stjúptætleiða þær. Þó svo að lög um hjónaband geri ráð fyrir að geri ráð fyrir að börn sem fæðast í hjónabandi séu talin automatískt sem sagt afkvæmi þeirra sem eru í hjónabandinu, þá á það ekki við um okkur. Þannig að, það var bara ekkert reiknað með því greinilega við lagasetninguna að þessi staða gæti komið upp. Það var veitt leyfi til að stjúptætleiða börn ef Hanna Katrín hefði átt börnin áður, þá mátti ég stjúptætleiða, en svo fæðast þær í staðfestri samvist og það varð bara uppi fótur og fit í dómsmálaráðuneytinu, það bara ákveðið að þetta eigi að vera svona. Og ég, auðvitað eins og maður þykist nú stundum ætla að láta reyna á hluti og, þú veist, nú skulum við bara fara með þetta í dómsmálalæitthvað, svo er maður bara

*Svona Fólk*

að hugsa um sjálfan sig og sín litlu börn og gerir þetta bara, spilar þetta eftir reglunum og treystir á að þetta breytist einhvern tímann.

*Hrafnhildur: Er það eitthvað að breytast?*

Auðvitað breytist það. Nema hvað? Það eru engin rök fyrir öðru. Það hlýtur að breytast þannig að það verði full heimild til ættleiðingar samkynhneigðra eins og annars fólks. Það eru bara engin rök fyrir öðru. Og tæknifrjóvgun og öllu þessu sem er núna alltaf verið að reyna að setja fyrir leka. Ég veit ekki hvað fólk heldur að gerist. Ef að sem sagt íslenskar konur sem eru skattgreiðendur hér, þær fari í tæknifrjóvgun. Hvaða hluti heimsins hrynur? Ég sé það ekki alveg fyrir mér. Auðvitað breytist þetta.

Ég lifi bara fínu lífi, takk fyrir, í staðfestri samvist með tvíburadætur, fjögurra ára. Ábyggilega ósköp venjuleg vísitölufjölskylda svona að mörgu leyti. Og þetta er... Kannski hérna í gamla daga hefði maður getað ímyndað sér, ég hélt að ég yrði barnlaus eða reiknaði alveg eins með því, hérna í gamla daga vegna þess að það var náttúrlega eins og annað, ekki gat ég ímyndað mér hvernig það væri hægt að fara að þessu öllu saman. Og það voru kannski svona einu fordómarnir sem ég hef orðið vör við að þegar ég var að viðra það svona fyrir löngu síðan að ég myndi nú vilja eignast börn þá fann ég að það var fólk í kringum mig sem hafði ákveðnar áhyggjur af því að eitt væri nú að ég væri sjálf komin út úr skápnunum en það gæti verið ákaflega erfitt fyrir börnin mín að þurfa að búa við þetta. En það var ekkert, ég hef ekkert orðið vör við það ennþá. Og auðvitað, ef börn eru alin upp í heiðarleika þá vefst ekkert fyrir þeim. Hef engar áhyggjur af því.

*Svona Fólk*